

Föstudaginn 19. febrúar 1960.

Nr. 111/1959. **Árni Markússon** (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
 (Tómas Jónsson hrl.).

Dóمندur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr
 prófessor.**

Slysabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi og áfrýj-
 að málinu með stefnu 19. júní 1959, að fengnu áfrýjunar-
 leyfi 10. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að
 greiða honum *aðallega* kr. 247.238.73, *til vara* kr. 226.353.46,
 en *til þrautavara* lægri fjárhæð eftir mati dómsins, ásamt
 6% ársvöxtum frá 10. desember 1953 til greiðsludags og
 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið
 væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að málskostn-
 aður hér fyrir dómi falli niður.

Eins og slysi því, sem mál þetta er af risið, var háttað,
 þykir það eigi verða rakið til vanbúnaðar skips, handvamm-
 ar starfsmanna stefnda né annarrar áhættu, er stefndi eigi
 að bera ábyrgð á að lögum. Samkvæmt þessu og að öðru
 leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að stað-
 festa hann.

Eftir þessum úrslitum á málskostnaður hér fyrir dómi
 að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist
 úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, kr.
 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Árna Markússonar, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. febrúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Árni Markússon sjómaður, Þingholtsstræti 7, hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. júní 1957, gegn Hafsteini Bergþórssyni forstjóra, Marargötu 6, hér í borg, og Jóni Axel Péturssyni forstjóra, Hringbraut 53, hér í borg, báðum vegna Bæjarútgerðar Reykjavíkur, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 225.852.09 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. desember 1953 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. Við munnlegan flutning málsins hinn 6. þ. m. krafðist stefnandi þess til vara, að honum yrði dæmdar kr. 221.470.93, en til þrautavara, að honum yrði dæmdar kr. 215.420.93. Í báðum tilvikum krafðist hann vaxta og málskostnaðar, eins og í stefnu greinir.

Stefndu hafa í greinargerð krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en við munnlegan flutning málsins var gerð sú varakrafa af þeirra hendi, að kröfur stefnanda yrðu stórlega lækkaðar.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 10. desember 1953 var b/v Ingólfur Arnarson að veiðum á Halamiðum. Um kl. 22.00 að kvöldi var nýlega lokið við að innbyrða stjórnborðsvörpuna, og var í undirbúningi að kasta bakborðsvörpunni. Stefnandi, sem var háseti á togaranum, stóð á þessum tíma í fiskaðgerð stjórnborðsmegin á þilfarinu. Er hér var komið, hætti hann því verki og hljóp frameftir þilfarinu til þess að greiða fyrir bakborðstogvírnum, sem lá samanvafinn á framþilfarinu, en til stóð að vinda hann upp á togvinduna. Allmikill fiskur, sem komið hafði úr stjórnborðsvörpunni, var enn í fiskkössum á framþilfarinu, og var af þeim sökum ógreiðfær leiðin fram þilfarið. Tók stefnandi því það ráð, að hann steig upp á snúningsás þann, sem staðsettur er við framsiglutréd, hinn svo nefnda „masturspolla“. Stefnandi var á hraðri ferð og kveðst af þeim sökum ekki hafa veitt því athygli, að yfirborð snúningsássins var sleipt af slori. Er hann var staddur uppi á ásnum, reið

alda undir skipið, svo að það valt til. Við það missti stefnandi jafnvægið. Tókst honum ekki að ná taki á siglutrénu, heldur rann hann snöggt til og féll með þeim hætti, að hægri handleggur hans lenti niður á milli snúningsássins og járngrindar þeirrar, sem í kringum hann er. Hlaut stefnandi af þessu slæmt brot á handlegginn.

Lýsing þessi á tildrögum slyssins er byggð á skýrslu stefnanda, dags. 12. desember 1956, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Er ekki vefengt, að lýsing þessi á atvikum sé rétt, en um þau hafa ekki aðrir borið.

Árni Guðmundsson stýrimaður stóð við togvinduna, er þetta gerðist, og sá, hverju fram fór. Skundaði hann þegar til stefnanda og hjálpaði honum undir þiljur. Kveðst stýrimaður hafa ásamt Sigurði Möller, 1. vélstjóra, skoðað handlegg stefnanda, og hafi þeir talið, að ekki gæti verið um alvarleg meiðsli að ræða, a. m. k. væri handleggurinn ekki brotinn. Stefnandi hafi aftur á móti fundið mjög til í handleggnum, og hafi þeir Sigurður sett spelkur á handlegginn í öryggis skyni. Skipstjóranum var tilkynnt um slysið, og fól hann þeim Árna og Sigurði að annast um stefnanda. Veidum var haldið áfram þrátt fyrir atburð þenna, þar eð meiðsli stefnanda voru eigi talin svo alvarleg, að ástæða væri til að leita strax hafnar þeirra vegna. Var því eigi siglt heim á leið, fyrr en sá tími var kominn, sem áður hafði verið ákveðinn til heimferðar, og kom skipið til Reykjavíkur um kl. 5 að morgni 14. desember, eða tæplega 3½ sólarhring eftir að slysið bar að höndum. Allan þann tíma mun stefnandi hafa legið rúmfastur, og kveður hann líðan sína hafa farið mjög versnandi tvo fyrstu sólarhringana, en eftir það hafi handleggurinn dofnað. Sama dag og skipið kom til Reykjavíkur, fór stefnandi til Karls Jónssonar læknis. Í vottorði hans, dags. 12. marz 1954, segir á þessa leið:

„... Við rannsókn var hægri handleggur krepptur til hálfis í olnbogaliðnum og stokkbólginn frá miðjum upphandlegg og fram á hendi. Ein aðaltaug handleggsins og handar var háflömuð (Parosis n. radialis).

Röntgenmyndun leiddi í ljós, að olnbogabeinið var brotið nærri olnbogaliðnum, og efri endi geislabeinsins var úr liði (luxotio capituli radii).

15. desember var á Landspítalanum skorið inn á beinin, og þeim komið í lag og handleggurinn síðan settur í gibsumbúðir.

Að mánuði liðnum var gibsið tekið af, en þá reyndist olnbogabeinið ekki gróið, og var handleggurinn settur í gibs á ný.

Eftir röntgenskoðun í dag, 11/3, er enn talið vafasamt, að beinið sé gróið.

Að gefnu tilefni leyfi ég mér að láta í ljósi þá skoðun mína, að þessi langa bið — 5 dagar — frá því að slysið varð og þangað til lækniaðgerð fór fram, hafi gert aðgerðina erfiðari, og kunni þar af leiðandi að eiga þátt í því, hversu seint gengur með bata. Að minnsta kosti má telja víst, að taugalömunin hefði orðið minni eða jafnvel engin, hefði Árni komið fljótt undir læknishendi.

Vorið 1955 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára lækni. Taldi læknirinn, að um varanlega örorku væri að ræða.

Eftir ósk lögmanns stefndu í bréfi, dags. 3. febrúar 1958, var málið sent Læknaráði til meðferðar með úrskurði, uppkveðnum í sjó- og verzlunardómi 3. nóvember s. á. Var málið lagt fyrir Læknaráð á þá leið, að beiðst var álits á því, hvort dráttur sá, er á því varð samkvæmt gögnum málsins, að stefnanda var komið undir læknishendi, eftir að hann varð fyrir slysi því, sem um ræðir í málinu, hafi getað valdið beygju þeirri, er varð á handlegg stefnanda, eða hvort ætla meg, að dráttur þessi hafi enga þýðingu haft um endanlegan bata á handleggnum.

Niðurstaða Læknaráðs um álitsefni þetta, dags. 22. desember 1958, er svofelld:

„Læknaráð lítur svo á, að dráttur sá, er á því varð, að stefnanda var komið undir læknishendi, hafi engu valdið um beygju þá, er varð á handleggnum, né heldur hafi hann haft þýðingu um endanlegan bata.“

Hvorki er að því vikið í stefnu né greinargerð stefnanda, sem raunar er einungis upptalning framlagðra skjala, á hverjum rökum málssókn þessi á hendur stefndu er byggð. Á hinn bóginn kemur það fram í öðrum sóknarskjölum málsins, t. d. aðiljaskýrslu stefnanda, að stefnandi telur, að yfirmenn togarans hafi sýnt tómlæti og skeytingarleysi um velferð hans eftir slysið, þar sem eigi hafi verið hirt um að koma honum undir læknishönd fyrr en raun varð á. Er órækt gefið í skyn, að þessi dráttur hafi torvelað bata stefnanda. Varð eigi annað ráðið af rekstri málsins af hendi stefnanda fram til þess, að munnlegur málflutningur fór fram, en að kröfur hans í málinu væru á þessu reistar og eigi á öðrum rökum. Kom það og fram við munnlegan flutning málsins, að þetta var sú málástæða, sem málssókn stefnanda var byggð á. Á hinn bóginn var því þá lýst yfir af hálfu stefnanda, að með tilliti til álits Læknaráðs væri frá þessari málástæðu fallið, að

því er varðaði fébótaábyrgð stefndu. Jafnframt var lögð á það áherzla, að taka bæri sérstakt tillit til þessa við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir þjáningar. Að þessari einu málsástæðu frágenginni var því nú haldið fram til rökstuðnings fyrir fébótaábyrgð stefnda á slysinu, að útgerð togara sé hættulegur atvinnurekstur, þar sem ávallt sé hætta á slysum sem þessu, þótt við engan sé um að sakast. Þegar svo standi á, sé eðlilegast, að atvinnurekandi beri tjón það, er af hlýzt.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að málatilbúnaði stefnanda er mjög ábótavant, að því er tekur til reifunar málsins, sbr. lög nr. 85/1936, 105. gr. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, að úr þessu var bætt við munnlegan flutning málsins, málsástæðu þeirri, sem þá kom fram, var ekki mótmælt sem of seint fram borinni og málið var þar með nægilega reifað orðið af hendi stefnanda, þá þykir ekki næg ástæða til frávísunar þess, en átelja verður þenna galla á málatilbúnaðinum.

Aðalkröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjón vegna 20% varanlegrar örorku kr. 180.000.00
- Viðbóta vegna 100% tímabundinnar örorku — 26.414.80

kr. 206.414.80

÷ Bætur frá Tryggingarstofnun ríkisins .. — 20.026.07

kr. 186.388.73

2. Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum — 60.000.00
3. Kostnaður við örorkumat o. fl. — 650.00
4. Lækniskostnaður — 200.00

kr. 247.238.73

Í gögnum málsins kemur það fram, að stefnandi hefur vegna slyssins fengið greiddar hjá stefndu kr. 11.482.85 á tímabilinu 15. desember 1953 — 29. marz 1954, svo og frá Tryggingarstofnun ríkisins alls kr. 31.787.69.

Fram að munnlegum flutningi málsins hné vörn stefndu í málinu eingöngu að því að hnekkja fullyrðingu stefnanda um, að afleiðingar meiðsla þeirra, er hann hlaut, yrðu a. m. k. að einhverju leyti raktar til skeytingarleysis yfirmanna togarans og dráttar þess, er á því varð, að siglt var til hafnar með stefnanda. Við málflutninginn var ákveðið mótmælt af hendi stefndu, að nokkur önnur atriði væru fyrir hendi, sem leitt gætu til fébótaábyrgðar þeirra á slysinu.

Það verður eigi talið, að slys það, sem hér ræðir um, hafi orðið með þeim atvikum eða sé í eðli sínu þannig, að skilyrði séu til þess samkvæmt reglum skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnurekanda á hættulegum atvinnurekstri að leggja á stefndu fébótaábyrgð á afleiðingum þess. Að því athuguðu, og þar eð eigi koma hér til álita aðrar bótareglur, er fébótaábyrgð stefndu verði byggð á, ber að sýkna þá af kröfum stefnanda í málinu, einnig af kröfu um þjáningarbætur fyrir þann tíma, sem frá því leið, að slysið varð, unz siglt var af stað til hafnar, því að þótt fallizt yrði á, að hann ætti rétt til slíkra bóta, koma þær ekki til álita hér, þar eð stefndu hafa þegar greitt honum allmiklu hærri fjárhæð en þjáningabótum myndi nema og krafizt þess jafnframt, að sú fjárhæð komi til frádráttar dæmdum bótum.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Í máli þessu eru stefndu, Hafsteinn Bergþórsson og Jón Axel Pétursson vegna Bæjarútgerðar Reykjavíkur, sýknir af kröfum stefnanda, Árna Markússonar.

Málskostnaður falli niður.
